

Aftansöngur á aðfangadag í Guðríðarkirkju

Prestur: Sr. María Rut Baldursdóttir
Organisti: Arnhildur Valgarðsdóttir
Fiðluleikur: Matthías Stefánsson
Einsöngur: Þorsteinn Freyr Sigurðsson
Kór Guðríðarkirkju
Kirkjuvörður: Lovísa Guðmundsdóttir



Forspil

Signing og upphafsbæn

Allir taka þátt í signingunni: Í nafni Guðs + föður, sonar og heilags anda. Amen
Prestur fer með bæn.

Sálmur 31

1 Í Betlehem er :,: barn oss fætt. :,:
Því fagni gjörvöll Adams ætt.
Hallelúja, hallelúja.

2 Það barn oss fæddi :,: fátæk mæ. :,:
Hann er þó dýrðar Drottinn skær.
Hallelúja, hallelúja.

3 Hann var í jötu :,: lagður lágt :,:
en ríkir þó á himnum hátt.
Hallelúja, hallelúja.

4 Hann vegsömuðu :,: vitringar, :,:
hann tigna himins herskarar.
Hallelúja, hallelúja.

5 Þeir boða frelsi' og :,: frið á jörð :,:
og blessun Drottins barnahjörð.
Hallelúja, hallelúja.

6 Vér undir tókum :,: englasöng :,:
og nú finnst oss ei nóttin löng.
Hallelúja, hallelúja.

7 Vér fögnum komu :,: frelsarans, :,:
vér erum systkin orðin hans.
Hallelúja, hallelúja.

8 Hvert fátækt hreysi :,: höll nú er :,:
því Guð er sjálfur gestur hér.
Hallelúja, hallelúja.

9 Í myrkrum ljómar :,: lífsins sól. :,:
Þér, Guð, sé lof fyrir gleðileg jól.
Hallelúja, hallelúja.



Introitus

Prestur: Sú þjóð, er í myrkri gengur, sér mikið ljós.
Kór: Og þeim, er búa í náttmyrkanna landi, ljómar fögur birta.

Gloria patri

Prestur: Dýrð sé Guði
Kór: Dýrð sé Guði, föður, syni og heilögum anda, svo sem hún var frá upphafi,
er enn og verða mun um aldir alda. Amen.

Kollekta og Guðspjall

Prestur: Drottinn sé með yður
Kór: og með þínum anda.
Prestur: Látum oss biðja....: endar á orðunum: frá eilífd til eilífdar
Svar: Amen

(Söfnuður stendur)

Prestur: Guðspjallið skrifar guðspjallamaðurinn Lúkas.
Kór: Guði sé lof og dýrð fyrir sinn gleðilegan boðskap.
Prestur les guðspjallið, sem endar á orðunum: Þannig hljóðar hið heilaga guðspjall.
Svar: Lof sé þér Kristur.

Trúarjátning

Ég trúi á Guð, föður almáttugan, skapara himins og jarðar.

Ég trúi á Jesú Krist, hans einkason, Drottinn vorn, sem getinn er af heilögum anda, fæddur af Maríu mey, píndur á dögum Pontíusar Pílatusar, krossfestur, dáinn og grafinn, steig niður til heljar, reis á þriðja degi aftur upp frá dauðum, steig upp til himna, situr við hægri hönd Guðs föður almáttugs og mun þaðan koma að dæma lifendur og dauða. Ég trúi á heilagan anda, heilaga almenna kirkju, samfélag heilagra, fyrirgefningu syndanna, upprisu mannsins og eilíft líf.

(Söfnuður sest)

Sálmur 41

1 Englakór frá himnahöll
hljómar yfir víða jörð.
Enduróma fold og fjöll,
flytja glaða þakkargjörð.
∴ Gloria in excelsis Deo. ∴

2 Hirðar, hví er hátíð nú,
hví er loftið fullt af söng?
Hver er fregnin helga sú
er heyrir vetrarnóttin löng?
∴ Gloria in excelsis Deo. ∴

3 Kom – í Betlehem er hann
heill sem allri veröld fær.
Kom í lágan, lítinn rann,
lausnara þínum krjúptu nær.
∴ Gloria in excelsis Deo. ∴



Predikun

Einsöngur

Ó, helga nótt.

Almenn kirkjubæn

Prestur les bænir og hver hluti bænarinnar endar á orðunum: fyrir Jesú Krist, Drottinn vorn

Svar: Drottinn heyr vora bæn

Faðir vor

Faðir vor, þú sem ert á himnum. Helgist þitt nafn, til komi þitt ríki,
verði þinn vilji, svo á jörðu sem á himni. Gef oss í dag vort daglegt brauð.
Fyrirgef oss vorar skuldir, svo sem vér og fyrirgefum vorum skuldunautum.

Og eigi leið þú oss í freistni, heldur frelsa oss frá illu.

Því að þitt er ríkið, mátturinn og dýrðin að eilífu.

Amen

Sálmur 42

1 Það aldin út er sprungið og ilmar sólu mót sem fyrr var fagurt sungið af fríðri Jesse rót, og blómstrið það á þrótt að veita vor og yndi um vetrar miðja nótt.	2 Þú ljúfa liljurósinn sem lífgar helið kalt og kveikir kærleiksljósinn og krýnir lífið allt. Ó, Guð og maður, greið oss veg frá öllu illu svo yfirvinnum deyð.
--	---

Exitus og Hallelúja

Prestur: Að kveldi dags skuluð þér vita að Drottinn kemur.

Kór: Og að morgni skuluð þér sjá dýrðina Drottins.

Prestur: Lát mína bæn vera flutta fram fyrir þig sem reyksli.

Kór: Og upplyfting minna handa sem kveldfórn.

Prestur: Önd mín lofar Drottin, og minn andi gleður sig í Guði frelsara vorum.

Kór: Hallelúja sungið

Blessun

(Söfnuður stendur)

Prestur: Drottinn sé með yður

Kór: og með þínum anda.

Prestur: Drottinn blessi þig og varðveiti þig. Drottinn láti sína ásjónu lýsa yfir þig og sé þér náðugur.

Drottinn upplyfti sínu augliti yfir þig og gefi þér frið.

Kór: Amen, amen, amen.

Sálmur 35

1 Heims um ból helg eru jól,
signuð mæð son Guðs ól,
frelsun mannanna, frelsisins lind,
frumglæði ljóssins, en gjörvöll mannkind
∴ meinvill í myrkrunum lá. ∴

2 Heimi í hátíð er ný,
himneskt ljós lýsir ský,
liggur í jötunni lávarður heims,
lifandi brunnur hins andlega seims,
∴ konungur lífs vors og ljóss. ∴

3 Heyra má himnum í frá
englasöng: „Allelújá.“
Friður á jörðu því faðirinn er
fús þeim að líkna sem tilreiðir sér
∴ samastað syninum hjá. ∴

Klukknahringing- Eftirspil

Guð gefi okkur öllum gleðileg jól.

